

Staðgreiðsla og tryggingagjald

Fyrirkomulag útsendinga og rafræn skil

Ríkisskattstjóri kynnir með orðsendingu þessari breytt fyrirkomulag við útsendingu staðgreiðsluskýrsla. Um leið eru skilaskyldir aðilar hvattir til þess að taka upp rafræn skil og nýta það augljósa hagræði og viðbótarkosti sem sú leið býður upp á.

Útsending á skýrslum

Framvegis verða greiðendum send skýrsluform fyrir mörg tímabil í einu og gildir það jafnt um skilagreinar staðgreiðslu og sundurliðanir. Eindagi er 15. næsta mánaðar eða næsti virkur dagur þar á eftir beri hann upp á laugardag, sunnudag eða helgidag.

Greiðendum er bent á að varðveita staðgreiðsluskýrslurnar með tryggilegum hætti þar sem þeir geta ekki fengið nýja áritaða skýrslu glatist áður send staðgreiðsluskýrsla. Óáritaðar staðgreiðsluskýrslur má þó áfram nálgast hjá skattstjórum og innheimtumönnum ríkissjóðs, sem eru Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur.

Skilagrein staðgreiðslu skiptist í þrjá hluta, eintak innheimtumans, eintak greiðanda og eintak gjaldkera.

Eintak innheimtumans er hin formlega skilaskýrsla sem staðfesta þarf með undirritun. Sé ósamræmi milli eintaks innheimtumans og eintaks greiðanda gildir því eintak innheimtumans.

Eintak greiðanda er afrit hans og á að vera samhljóða eintaki innheimtumans.

Þegar staðgreiðsla er greidd í banka er nauðsynlegt að fylla út eintak gjaldkera, á það skal færa fjárhæð úr reit A á eintaki innheimtumans. Ef greitt er hjá innheimtumanni eða sé um að ræða núllskýrslu er ekki nauðsynlegt að fylla út eintak gjaldkera.

Skýrslur vegna leiðréttinga skal senda beint til innheimtumans. Sundurliðun á staðgreiðslu er nú send út í einriti en um hana er fjallað nánar á bakhlið.

Rafræn skil

Sem fyrr segir er vakin athygli á rafrænum skilum á staðgreiðslu sem og virðisaukaskatti en þau eru greiðendum tvímælalaust til mikils hagræðis. Auðvelt er að sækja um rafræn skil á slóðinni rsk.is/vefskil. Skýrslu má fylla út og skila á sömu slóð.

Einfaldast er þó að nýta sér launakerfi sem bjóða upp á rafræn skil staðgreiðslu og tryggingagjalds. Bókarar og aðrir sem taka að sér mánaðarlegar launavinnslur eru hvattir til að skila staðgreiðslu rafrænt. Þegar mánaðarlegri launavinnslu lýkur er skýrslan send úr launakerfinu og þá stofnast krafa í vefbanka viðkomandi launagreiðanda. Sjá upplýsingar um launakerfi sem bjóða upp á rafræn skil á bakhlið.

Ávinningurinn af rafrænum skilum er ótvíræður. Rafræn skil eru opin allan sólarhringinn. Þau spara tíma þar sem hægt er að ganga samtímis frá skýrslu og greiðslu í gegnum tölvu. Réttari skýrslugerð er tryggð þar sem komið er í veg fyrir innra ósamræmi í skýrslunni. Sendur er tölvupóstur til áminningar um eindaga ásamt orðsendingum um breytingar og nýmæli. Auðveldara er að hafa yfirsýn því alltaf er hægt að nálgast yfirlit fyrir skil, stöðu þeirra á hverjum tíma og afrit af móttökukvittunum. Þess utan eru rafræn skil umhverfisvæn þar sem pappír verður þar með óþarfur og kostnaður við þau minni. Þá er að vænta ýmis konar viðbótarpjónustu sem eingöngu verður aðgengileg á vefnum.

RSK		Skilagrein staðgreiðslu af launum	
		Eintak innheimtumans	
Kennitala	Greiðslutímabil	A Staðgreiðsla og tryggingagjald samtals (B+C+D)	Kr.
Nafn - heimili - póststöð launagreiðanda		B Staðgreiðsla af greiddum launum	
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.		C Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi	
Dagsetning		D Tryggingagjald	
Undirskrift		E Heildarfjárhæð greiddra launa	
		F Reiknað endurgjald greiðanda	
		G Samtala til afstemmingar (A+B+C+D+E+F)	
		<input type="checkbox"/> Engin laun greidd á tímabilinu	

Til þess að skil teijst fullnægjandi verður eintak innheimtumans að vera útfyllt.

RSK 5.10

Á eindögum er sérstök síma vakt í síma 563 1111.
Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á tölvupóstfangið stadgreidsla@rsk.is

ÞJÓNUSTUSVIÐ RÍKISSKATTSTJÓRA

